

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 113/1996, 10. gr. laga nr. 123/1993 og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 og öðlast þegar gildi.

8. janúar 1999.

*Fjármálaeftirlitið,***Páll Gunnar Pálsson.****Ragnar Hafliðason.**

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um holræsagjöld
í Hafnarfirði nr. 507/1975, sbr. reglugerð nr. 659/1994.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 659/1994,

Af öllum fasteignum, sem greiða ber af holræsagjald skv. 1. mgr., skal greiða holræsagjald sem nemur allt að 0,20% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ.e. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. janúar 1999.

F. h. r.

Sesselja Árnadóttir.

Þórhallur Vilhjálmsson.

SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur
og Hákonar Jónssonar.**

1. gr.

Minningarsjóður hjónanna Málfríðar Guðbjartsdóttur og Hákonar Jónssonar, fyrrum ábúenda á Hnjóti í Örlygshöfn, er stofnaður af syni þeirra Guðmundi Jóni Hákonarsyni, kt. 110110-4219, Böllum 6 á Patreksfirði, sem áður var búsettur á Hnjóti. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Patreksfirði, Vesturbyggð.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er líknarstarfsemi innan Vesturbyggðar í V-Barðastrandarsýslu eða innan V-Barðastrandarsýslu verði sveitarfélögin í sýslunni gerð að einu sveitarfélagi. Skulu styrkir úr sjóðnum veittir sem hér segir:

- 1) Til fátækra fjölskyldna eða einstaklinga þar sem fátækt stafar af örorku eða ill- eða ólæknandi sjúkdómi.
- 2) Til munaðarlausra barna sem ekki njóta öruggrar framfærslu.

- 3) Til þeirra sem orðið hafa fyrir fráfalli fyrirvinnu.
- 4) Til þeirra sem orðið hafa fyrir fjárhagslegum áföllum vegna náttúruhamfara, eldsvoða, slysa eða veikinda.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10.000.000,00 -tíumilljónir 00/100- sem Guðmundur Jón Hákonarson leggur fram til minningar um foreldra sína.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, auk verðbóta, má aldrei skerða, en vöxtum, gjöfum, áheimum og öðrum tekjum, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal varið í samræmi við tilgang sjóðsins, sbr. 2. gr. hér að ofan.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu útibússtjóra Landsbanka Íslands hf. á Patreksfirði, sem skal varðveita hann á verðtryggðum sparireikning í útibúi bankans á Patreksfirði á hæstu mögulegu vöxtum slíks reiknings, í dag Landsbók - 60 mánaða binding (5 ár).

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum. Formaður stjórnar skal vera útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Patreksfirði. Einnig skulu sitja í stjórninni sóknarpresturinn á Patreksfirði og sýslumaðurinn á Patreksfirði.

7. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega. Aldrei má úthluta meiru en sem nemur vaxtatekjum, án verðbóta, næstliðins árs, auk gjafa, áheita og annarra tekna þess árs, eftir að kostnaður við sjóðinn, s.s. við reikningagerð og endurskoðun, hefur verið greiddur. Auglýsa skal eftir umsóknum eða ábendingum um styrki úr sjóðnum í júní ár hvert á þeim stöðum sem venja er að birta opinberar auglýsingar í Vesturbyggð, í fyrsta skipti í júní árið 2000. Berist engin umsókn eða ábending, eða engin þeirra uppfyllir skilyrði 2. gr. að mati stjórnar sjóðsins, leggjast vextir, gjafir, áheit og aðrar tekjur síðasta árs við stofnfé sjóðsins. Sama á við verði árlegu styrkfé ekki úthlutað að fullu, þá leggst afgangur þess við stofnfé sjóðsins á sama hátt.

8. gr.

Sjóðstjórnin lætur semja reikninga sjóðsins að loknu hverju almanaksári og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé meirihluti stjórnarinnar samþykkur breytingunum. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á breytingum. Samþykki meirihluti stjórnar að leggja sjóðinn niður skulu eignir hans renna til líknarmála.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.